

Erindi til Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar

Bt. Róbert Guðmundsson formaður

Íslandshús ehf. Kt. 571085-2329 óskar eftir leyfi til að setja niður skilti til að vísa veg að fyrirtækinu á 4 stöðum í nálægð við fyrirtækið.

1 skilti á horni Reykjanesbrautar og Hafnavegs

1 skilti á horni Kelttatraðar og Flugvallarbrautar

1 skilti á horni Heiðartraðar og Klettatraðar

1 skilti á horni Grænásbrautar og Heiðartraðar

f.h. Íslandshúss ehf.

Brynjar Marinó Húfjörð

Götuvisir Íslandshús ehf

Útlit skiltis:



Hæð: 218,5 cm  
Breidd: 140 cm  
Dýpt: 80 cm

Staðsetningar á korti:



Vegagerðin heimilar engin merki/auglýsingar við þjóðvegi landsins, innan veghelgunarsvæðis. Veghelgunarsvæði er 30 metrar frá miðlínu vegar.

Kveðja,



## Kristófer Ágúst Kristófersson

Verkefnastjóri almenn þjónusta  
Þjónustusvið

[kristofer.a.kristofersson](mailto:kristofer.a.kristofersson@vegagerdin.is)  
[@vegagerdin.is](mailto:kristofer.a.kristofersson@vegagerdin.is)  
[+354 522 1132](tel:+3545221132)

### Vegagerðin

Icelandic Road and  
Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

---

Gunnar Kr. Ottósson  
Skipulagsfulltrúi  
Reykjanesbæ

Reykjanesbæ, 19. september 2024

**Efni: Umsögn Kadeco um óskir Íslandshúsa um skilti við vegi.**

Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, hefur fengið beiðni um umsögn frá skipulagsfulltrúanum í Reykjanesbæ sem snýr að óskum fyrirtækisins Íslandshúsa um tímabundin auglýsingaskilti á völdum stöðum í og í nánd við Tæknivelli þar sem fyrirtækið er staðsett. Alls fjórar staðsetningar.

Kadeco telur eðlilegt að vísa tillögu um staðsetningu skiltis við hringtorg Hafnavegar og Reykjanesbrautar til umsagnar hjá Vegagerðinni og til umræðu í vinnuhópi um staðsetningu skilta við Reykjanesbraut.

Að mati Kadeco er ekki æskilegt að fyrirtæki stilli upp færanlegum skiltum umhverfis Tæknivelli nema til bráðabirgða, og mælir með því að Reykjanesbær hafi forgöngu að því að það verði sett upp varanleg skilti við aðkomur að Tæknivöllum þar sem bæði svæðið sjálft er auglýst, og fyrirtæki innan þess geta fengið að setja inn sitt lógó, og þá hugsanlega gegn greiðslu. Þegar slík skilti eru tilbúin verði önnur skilti, sem ekki er heimild fyrir að standi til langframa, fjarlægð í samráði við viðkomandi fyrirtæki. Kadeco er reiðubúið að vinna með Reykjanesbæ og fyrirtækjum á Tæknivöllum að slíku verkefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.  
Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri